

Kynning

Sjóvá veitir verkstæðum stjórnur

Stjórnujökf Sjóvár á að auðvelda viðskiptavinum að velja verkstæði og fullvissa þá um hámarksgæði í viðgerðum og þjónustu. Stjórnujökfin er einnig hvati fyrir verkstæði að ráða fagmenntaða starfsmenn og taka upp vottað gæðakerfi BGS.

Þegar bíleigandi verður fyrir tjóni vaknar sú spurning hvaða verkstæði séu best til þess fallin að sjá um viðgerðina. Ný stjórnuflokkun Sjóvár auðveldar viðskiptavinum að finna gott verkstæði sem er traustsins vert.

„Það að flokka verkstæði eftir gæðum í þjónustu og viðgerðum hefur verið í umræðunni í fjölmörg ár,“ segir Guðmundur I. Þorsteinsson, forstöðumaður ökutækjafélags Sjóvár. Í þeirri deild starfa átta manns en þar fer í gegn allt ökutækjafélags Sjóvár sem verður á Íslandi.

„Markviss vinna við stjórnujökfinna hófst síðastliðið vor en þá var farið í að finna út hvaða kröfur ætti að setja á verkstæðin,“ segir Guðmundur og bætir við að aðalmarkmið stjórnujökfarinnar sé að auðvelda viðskiptavinum val á verkstæði og auk þess hvetja verkstæðin til aukinnar fagmennsku.

Stjórnujökfin var kynnt verkstæðum og öðrum hagsmunaaðilum í haust, en góður skriður er kominn á málið nú. „Ég býst við að í lok vikunnar verði búið að stjórnuflokkna tæplega tuttugu verkstæði,“ upplýsir Guðmundur.

Stjórnuflokkunin er mælanlegur samamburður á verkstæðum og á að tryggja viðskiptavinum hámarksgæði á viðgerðum og þjónustu. Hún er auk þess gæðatrygging fyrir viðskiptavinum Sjóvár og stuðlar að færri kvörtunum, bættum vinnubrögðum og betri viðgerðum. Einnig virkar hún sem hvati fyrir verkstæði til að ráða fagmenntaða starfsmenn.

Verkstæði sem uppfylla kröfur Sjóvár fá úttekt og falla annaðhvort í þriggja eða fimm stjörnu flokk. „Þriggja stjörnu verkstæðin eru fín verkstæði sem Sjóvá hefur haft góða reynslu af en eru ekki tilbúin, eða eru á leiðinni, til að fylla fimm stjörnu flokkinn,“ útskýrir Guðmundur. En hvað þarf verkstæði að hafa til að bera, til að komast í fimm stjörnu flokk?

„Þau verkstæði hafa vottað gæðakerfi BÍgreinasambandsins umfram önnur verkstæði. Í því felst meðal annars að fagmenntaður meistari bílgreinarinnar sé ábyrgur fyrir viðgerðum, að tækjabúnaður uppfylli kröfur, að móttaka sé aðgreind frá verkstæði og leyfis-



Guðmundur afhendir forsvarsmönnum GB tjónaviðgerða fyrstu fimm stjörnur.



bref séu sýnileg,“ segir Guðmundur og því til staðfestingar er gerð úttekt á starfsemi og þjónustu tvisvar á ári.

Fyrsta fimm stjörnu verkstæði Sjóvár fékk viðurkenningu fyrir tveimur vikum og var það GB tjónaviðgerðir sem fékk þá viðurkenningu. Er það ótvíræður gæðastimpill fyrir GB tjóna-

viðgerðir, að verða fyrst til. Öll stjórnuverkstæði fá áberandi merkingu með fimm hvítum stjörnum á bláum grunni sem verður sýnilegur öllum viðskiptavinum ásamt viðurkenningu stjórnuflokkuninni til staðfestingar.

Upplýsingar um stjórnuverkstæði Sjóvár má finna á www.sjova.is.